

12
19. júní.

6. gr.
Mál útaf brotum gegn lögum þessum skal farið með sem almenn lögreglumál.

7. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 16, 9. júlí 1909, um breytingu og viðauka við lög um hagfræðisskýrslur, nr. 29, 8. nóv. 1895.

8. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og er sendendum og viðtakendum vara skylt að gefa þegar skýrslur þær, sem hjer eru heimtaðar, fyrir þann hluta ársins 1922, sem liðinn er.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Jónsson.

13
19. júní.

L ö g

um

prestsmötu af Grund í Eyjafirði.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Þá er eigandi kirkjunnar á Grund í Eyjafirði gefur henni upp skuld þá, er kirkjan nú er í við hann, skal prestsmata sú, sem goldin hefir verið af Grund,

2 hundruð á landsvísu, og greidd hefir verið til prestanna í Grundarprestkalli og Akureyri, leggjast til Grundarkirkju, henni til viðhalds framvegis. 13
19. júní.

2. gr.

Prestunum í Grundarprestakalli og Akureyri sje bættur úr prestlauna-sjóði sá tekjumissir, er þeir bíða samkv. 1. gr.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Sig. Eggerz.

L ö g

14
19. júní.

um

skattmat fasteigna.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Fasteignir allar, sem meta þarf til skatts þangað til allsherjarskattmat fer fram, skulu metnar af úttektarmönnum, þar sem þeir eru, en annars af 2 mönnum, sem sýslumaður eða bæjarfógeti nefnir til, hvort sem ástæðan til matsins er sú, að eignin er ekki tekin í gildandi fasteignamat, eða að endurmat fer fram.